



ORKUSTOFNUN
Jarðkönnunardeild

**VIÐNÁMSMÆLINGAR
Á REYKJANESSKAGA**
vegna ferskvatnsöflunar
Hitaveitu Suðurnesja

**Kristján Ágústsson
Freyr Þórarinsson**

OS79017/JKD04
Reykjavík, apríl 1979

Unnið fyrir
Hitaveitu Suðurnesja

**VIÐNÁMSMÆLINGAR
Á REYKJANESSKAGA**
vegna ferskvatnsöflunar
Hitaveitu Suðurnesja

**Kristján Ágústsson
Freyr Þórarinsson**

OS79017/JKD04
Reykjavík, apríl 1979

**Unnið fyrir
Hitaveitu Suðurnesja**

E F N I S Y F I R L I T

SKRÁ YFIR MYNDIR	bls.	4
SKRÁ YFIR VIÐAUKA	"	4
ÁGRIP	"	5
1 NOTKUN VIÐNÁMSMÆLINGA TIL ÁKVÖRÐUNAR Á VATNSHÆÐ EÐA ÞYKKT FERSKVATNSLINSUNNAR Á REYKJANESI	"	6
1.1 Almennt um viðnámsmælingar	"	6
1.2 Mælingar á jarðvatnshæð	"	7
1.3 Mælingar á ferskvatnslinsunni	"	7
1.4 Mælingar Jarðkönnunardeildar og túlkun þeirra	"	10
2 AÐSTÆÐUR TIL MÆLINGA	"	12
2.1 Sprunguhraun	"	12
2.2 Dyngjuhraun	"	13
2.3 Grágrýti	"	13
2.4 Vatnsheiði	"	13
3 NIÐURSTÖÐUR TÚLKUNAR VIÐNÁMSMÆLINGANNA	"	14
3.1 Óvissa í túlkun	"	14
3.2 Túlkuð þykkt vatnslaga	"	16
3.3 Jarðvatnshæð og þykkt vatnslaga	"	16
3.4 Viðnám í vatnslagi	"	17
3.5 Viðnám í þurru bergi	"	17
3.6 Viðnám í jarðsjó	"	17
HEIMILDIR	"	18
ABSTRACT IN ENGLISH	"	19
MYNDIR	"	21
VIÐAUKI A	"	29
VIÐAUKI B	"	35

MYNDIR

	bls.
Mynd 1 Yfirlitsmynd	23
" 2 Jarðfræði og staðsetning viðnámsmælinga	24
" 3 Þykkt ferskvatnslags	25
" 4 Viðnám í ferskvatnslagi	26
" 5 Dalur í mátskekkju	27
" 6 Dreifing viðnámsgilda	28

VIÐAUKAR

VIÐAUKI A: Staðsetning og túlkun viðnámsmælinga	29
VIÐAUKI B: Mæliferlar viðnámsmælinga	35

ÁGRIP

Á Reykjanesskaga vestanverðum hefur Jarðkönnunardeild Orkustofnunar látið gera rúmlega hundrað viðnámsmælingar til að kanna þykkt þeirrar ferskvatnslinsu, sem þar flýtur á jarðsjó. Þessar mælingar og allmargar aðrar, gerðar með jarðhitaleit fyrir augum, hafa höfundar þessarar skýrslu túlkað með ýmsum aðferðum, þar á meðal sérstaklega hannaðri tölvutúlkunaraðferð, til þess að ná fram sem gleggstum upplýsingum um lögun ferskvatnslinsunnar.

Niðurstaða þessarar túlkunar er sú, að vestan Grindavíkurvegjar er linsuþykktin mest 55-60 metrar, en hún vex austan vegar og nær 100 metrum vestan undir Fagradalsfjalli. Viðnámið í linsunni er algengast frá 300 til 1500 ohmmetrar. Þar sem óvissa í túlkun mælinganna er minnst, er hún undir 10% hvað varðar þykkt ferskvatnslinsunnar.

Viðnámsmælingunum er ekki ætlað að standa einar sér, sem lýsing á jarðvatnsstöðunni, heldur eru þær notaðar með jarðfræðilegum upplýsingum til þess að skilgreina stærðfræðilegt reiknilíkan af rannsóknarsvæðinu.

1 NOTKUN VIÐNÁMSMÆLINGA TIL ÁKVÖRÐUNAR Á VATNSHÆÐ EÐA ÞYKKT FERSKVATNS-
LINSUNNAR Á REYKJANESI

Jarðvatnsrannsóknir á Reykjaneskaga eru þeim vandkvæðum bundnar, að óvísða inni á skaganum er hægt að komast til að mæla jarðvatnshæð í sprungum eða borholum. Þegar rannsóknir byrjuðu á mögulegri hitaveitu fyrir Suðurnes frá Svartsengi, og athygli beindist að ferskvatnsaðstæðum á rannsóknarsvæðinu, Reykjaneskaga vestan Fagradalsfjalls, þá hófust fljótlega tilraunir til að mæla jarðvatnshæðina með óbeinum aðferðum, þ.e. með jarðeðlisfræðilegum mælingum. (Með "rannsóknarsvæðið, Reykjaneskagi vestan Fagradalsfjalls" er átt við það sem nefnt var "svæði II" í skýrslunni "Vatnspörf og vatnsöflun á Suðurnesjum", OS-JKD 7604 og "Hitaveitu Suðurnesja, ferskvatnsrannsóknir" OS-JKD 7609).

Helstu jarðeðlisfræðilegar mælingar, sem til greina koma að gera, voru hljóðhraðamælingar og viðnámsmælingar (einnig nefndar rafleiðnimælingar). Vegna óreglulegs hljóðhraða í hraunum og annarra skyldra vandamála eru túlkunarskekkjur í hljóðhraðamælingum svo stórar, að slíkar mælingar eru ekki raunhæfur valkostur á þessu svæði. Viðnámsmælingar voru því valdar sem þær jarðeðlisfræðilegu mælingar, sem helst gætu gefið upplýsingar um jarðvatnshæð á Reykjaneskaga.

1.1 Almennt um viðnámsmælingar

Hugmyndin bak við viðnámsmælingar og þykktarákvarðanir á jarðlögum með þeim skal nú stuttlega skýrð, áður en lengra er haldið. Ólík jarðlög leiða rafstraum misvel, þ.e. þau hafa ólíkt eðlisviðnám (mælieining: Ohm-metrar, Ω m, ohmm). Eðlisviðnám jarðlaga er, auk berggerðar, háð vatnsinnihaldi þess, seltu jarðvatns og hitastigi. Tilttekinn stafli af jarðlögum með tiltekin eðlisviðnám veitir því tiltekið viðnám gegn rafstraumi milli tveggja straumskauta, sem rekin eru í jörðina. Þetta viðnám er háð fjarlægðinni milli straumskauta og því lengri sem hún er, þeim mun meiri áhrif hefur eðlisviðnám dýpra liggjandi jarðlaga (eða öllu heldur viðnámslaga, sem eru jarðlag eða jarðlög með svipað eða sama eðlisviðnám hvarvetna á mælisvæðinu).

Með því að mæla spennufallið í miðju mælingar, mitt á milli straumskautanna, og reikna út frá því (skv. Ohms-lögmáli) viðnámið milli straumskautanna eða sýndarviðnám jarðarinnar við sívaxandi bil milli straumskauta, er hægt að reikna út eðlisviðnám og þykktir hinna ýmsu "viðnámslaga" undir hverjum mælistað að gefnum ákveðnum forsendum. Forsendurnar eru, að líta megi á viðnámslögin sem jafnþykk, lárétt lög á verulega stóru svæði, miðað við lengd viðnámsmælingarinnar (þ.e. mestu fjarlægðar milli straumskauta).

1.2 Mælingar á jarðvatnshæð

Fyrst í stað hugðu menn að jarðvatnshæð á rannsóknarsvæðinu væri allt að 5-6 m yfir sjó, og fyrstu tilraunir beindust að því að mæla dýpi niður á jarðvatnsborð til að finna jarðvatnshæðina þannig:

Jarðvatnshæð = Hæð mælistaðar yfir sjó - dýpi á jarðvatnsborð.

Í þessu skyni lét Jarðhitadeild Orkustofnunar gera 17 mælingar milli Stapafells og Svartsengis sumarið 1973 (mælingar S-1 til S-17). "Þessi aðferð tókst ekki af þeirri einföldu ástæðu að hæð grunnvatns yfir sjávarborð er aðeins 1-2 m, en þykkt yfirborðsháviðnámslags 30-50 m. Óvissan á ákvörðun 30-50 m þykks viðnámslags er u.þ.b. \pm 5 m, sem er mun meira en sú stærð sem ákvarða átti. Árangur mælinganna var því sá að ekki væri mögulegt að nota þessa aðferð við ákvörðun á þykkt ferskvatnsins (Rafleiðnimælingar í Eldvörpum og Svartsengi, OS-JHD 7639 s. 5).

1.3 Mælingar á ferskvatnslinsunni

Jarðvatnsaðstæður á Reykjanesi vestan Fagradalsfjalls eru þær, að vatnslinsa flýtur á sjó, líkt og ís á vatni. Aðeins tæplega fertugasti hluti linsunnar er yfir meðal-sjávarmáli, þ.e. linsan er 30-40 sinnum þykkari en nemur jarðvatnshæð yfir meðal-sjávarmáli. Í viðnámsmælingum á svæðinu koma því fram þrjú megin-viðnámslög, auk áhrifa karga o.fl. á yfirborði hrauna:

	<u>Þykkt</u>	<u>Viðnám</u>
Yfirborð hrauna	0- 3 m	lægra en í hraunum
Hraun ofan jarðvatnsborðs	10- 60 "	5.000-25.000 Ohmm
Jarðvatn í bergi	10-120 "	100- 3.000 "
Jarðsjór í bergi		5- 30 "

Það var því talið hugsanlegt, að í stað þess að reyna að finna jarðvatnshæðina með því að mæla þykkt hrauna ofan jarðvatnsborðs, mætti finna hana út frá ákvörðun á þykkt ferskvatnslinsunnar, þ.e. þykkt þess viðnámslags sem í töflunni er nefnt "jarðvatn í bergi". Tvennt stóð þó hér í vegi. Í fyrsta lagi er það náttúra viðnámsferla, þar sem viðnám lækkar 10-1000-falt milli laga eins og hér gerist, að miðlagið í þriggja laga ferli hefur afar lítil áhrif á mælinguna, fyrr en það er orðið 2-3 sinnum þykkara en efsta lagið. Ferskvatnslinsan er hinsvegar oftast álíka þykk og hraunin ofan jarðvatnsborðs. Í öðru lagi er viðnám í hraunum, og þó einkum í efstu metrum þeirra, mjög breytilegt, og mæld viðnámsgildi dreifast því allnokkuð kringum þau gildi, sem ættu að samsvara þykkt viðnámslaganna. Þetta tvennt og ófullkomin mælitækni 1973, miðað við það sem síðar varð, leiddi til þess að áhrif ferskvatnslinsunnar, miðlagsins, eru afar ógreinileg í mælingunum S-1 til S-17 og reyndar líka í öðrum mælingum á svæðinu frá sama tíma, þ.e. G-1 til G-30, sem voru mældar 1969 til 1974 (fyrri tilv. OS-JHD 7639). Af þessum ástæðum var ekki talið kleift að beita þeirri túlkunaraðferð að reikna út úr mælingunum þykkt ferskvatnslinsunnar.

Þetta mál var tekið upp að nýju á Jarðkönnunardeild seinni hluta árs 1975, og fljótlega tókst að sýna reikningslega fram á, að þrátt fyrir mikla mælióvissu gætti áhrifa ferskvatnslinsunnar í mælingunum. Einnig var ljóst, að rekja mátti þykkun ferskvatnslinsunnar frá sjó nokkuð inn í land. Þá kom einnig í ljós, sumpart fyrir túlkun á viðnámsmælingum, að fyrri hugmyndir um jarðvatnsborð allt að 5-7 m yfir sjó voru ekki réttar heldur var mesta jarðvatnshæð á rannsóknarsvæðinu varla yfir 2-2,5 m.y.s.

Í júlí 1976 birtust reikningar á þykkt ferskvatnslinsunnar, byggðir að nokkru á fyrrgreindum athugunum Jarðkönnunardeildar (Fyrri tilv. OS-JHD 7639). Þar segir svo um þá aðferð, sem notuð er til að meta þykkt linsunnar:

"Helsta afbrigði þessarar aðferðar miðað við hefðbundnar túlkunar- aðferðir er, að gengið er út frá því, að eðlisviðnám millilagsins sé 100 Ω m. Þetta er forsenda, sem seinni niðurstöður um þykkt ferskvatnsins byggja á. Rétt er að benda á að forsendan er í rauninni tvíþætt:

- a. Eðlisviðnám í vatnslinsunni er það sama á öllu svæðinu.
- b. Eðlisviðnámið hefur tölugildið 100 Ω m.

Ef forsenda a er rétt en forsenda b er röng, hefur það í för með sér, að meðalþykkt linsunnar breytist en að öðru leyti er aðferðin nothæf. Ef forsenda a er hinsvegar röng, er þessi aðferð ekki nothæf við ákvörðun á þykkt ferskvatnslinsunnar.

Tölugildið 100 Ω m var valið út frá eðlisviðnámi í köldu vatni á Reykjanesi og reynslu frá viðnámsmælingum annars staðar af landinu".

Síðan þetta var skrifað, hefur komið í ljós, að óvarlegt er að tala um meðalgildi eða eitt gildi fyrir viðnám ferksvantslinsunnar. Sé það hugtak samt notað, er 100 ohmm gildið of lágt allsstaðar utan jarðhitasvæðanna og væri sanni nær að tala um 500-1000 ohmm gildi. Sums staðar á jarðhitasvæðunum hefur ferskvatnslinsan hinsvegar allmiklu lægra viðnám, eða 20-200 ohmm, og stafar það væntanlega af íblöndun jarðhitavatns. Báðar forsendur túlkunarinnar eru því brostnar. Í fyrrnefndri skýrslu segir enn fremur: "ef gert er ráð fyrir jafnri þykkt millilagsins milli Svartsengis og Stapafells fæst meðalþykktin 55 ± 10 m miðað við túlkunaraðferðir, sem notaðar eru í þessari skýrslu" (fyrri tilv. OS-JHD 7639).

Algeng regla er að gera ráð fyrir að margfeldi þykktar og viðnáms miðlagsins sé fasti í fallandi þriggja laga ferli (Q-ferli), þegar um vandamál af þessu tagi er að ræða. "Rétt" meðalviðnámsgildi,

500-1000 ohmm, mundu með þessari túlkun því samsvara ferskvatnslinsu milli 5 og 10 metra á þykkt, sem er greinilega út í hött. Þessi niðurstaða sýnir glögglega hver vandkvæði eru á hinni venjulegu túlkun þessara mælinga með samanburði eftir auganu við móðurferla.

1.4 Mælingar Jarðkönnunardeildar og túlkun þeirra

Sumrin 1976, 1977 og 1978 gerði Jarðkönnunardeild 107 viðnámsmælingar á Reykjanesskaga með rannsókn á ferskvatnslinsunni sérstaklega fyrir augum. Þessar mælingar eru uppistaðan í þeirri vinnu sem nú verður lýst. 1975-1977 hélt Jarðhitadeild einnig áfram mælingum á Eldvarpa-Svartsengissvæðinu og beindust þar að jarðhitasvæðunum þar. Þessar síðarnefndu mælingar hafa einnig verið athugaðar með tilliti til ferskvatnslinsunnar, en afrakstur þeirra athugana er af eftirfarandi ástæðu ekki mikill. Í viðnámsmælingum er óhjákvæmilegt að flytja spennuskaut til nokkrum sinnum, til mótvægis við flutning straumskautanna, og við það slitnar og hliðrast mæliferillinn nokkuð til. Þessi hliðrun er þannig staðsett í mælingum Jarðhitadeildar, að litlar upplýsingar varðveitast um ferskvatnslinsuna.

Þrennt var það, sem leiddi JKD smám saman út í þessar umfangsmiklu mælingar. Í fyrsta lagi vantaði mjög upplýsingar um linsuþykktina og aðrar óbeinar mæliaðferðir voru ekki á takteinum. Enda þótt illa hefði gengið með fyrri túlkamir lék rökstuddur grunur á, að betri árangurs mætti vanta með því að miða færslu spennuskautanna meira við að fá ótruflaða mælingu á þeim hluta mæliferilsins, þar sem helst gætti áhrifa ferskvatnslagsins. Í öðru lagi urðu á þessum árum stórstígar framfarir í gerð mælitækja. Árið 1975 hófust mælingar með tækjum, sem hönnuð voru á OS og notuðu samlestur straum- og spennumerkis. Árið 1977 var bætt við stafrænum aflestrarbúnaði, sem tengdur var lítilli tölvu. Þessi búnaður bætti mjög aflestrarnákvæmnina og gerði auk þess kleift að reikna meðalgildi fjölda aflestra á þægilegan hátt. Í þriðja lagi tókst árið 1976 að þróa túlkunaraðferð, sem hentaði vandamálinu miklu betur en þær aðferðir, sem fyrr voru notaðar. Þessi aðferð verður nú stuttlega skýrð.

Venjuleg túlkun hefur verið fólgin í því að máta eftir auganu hvern mæliferil við safn móðurferla, og velja þann sem best hæfir. Áhrif ferskvatnslagsins á mæliferlana eru hinsvegar oftast svo lítil, að illmögulegt er að velja á milli þeirra móðurferla, sem til greina koma. Í stað þessarar handtúlkunar var samanburður mæliferlanna gerður í tölvu. Viðnámsmælingar eru þess eðlis, að í túlkun er hægt að staðla mæliferlana, setja viðmál fyrsta lags sem einn ($h_1 = 1$, $\rho_1 = 1$) og viðmál annarra laga sem hlutfall við þau. Tölvuvinnslan var því tvíþætt. Fyrst voru reiknaðir úr 100 staðlaðir móðurferlar. Þar eru sett föst viðmál fyrsta lags, hrauna ofan jarðvatnsborðs, og þriðja lags, jarðsjávar, ($h_1 = 1$, $\rho_1 = 0,001$). Viðmál miðlagsins, ferskvatnslinsunnar, eru hinsvegar breytistærðir (h_2 er 0,4-3,17, ρ_2 er 0,07-0,44). Sérhver mæliferill er síðan staðlaður og borinn saman við alla móðurferlana. Tölvun reiknar út frávik mæliferilsins frá hverjum móðurferli, og prentar niðurstöðurnar út sem fall af viðmálum miðlags móðurferlanna. Niðurstöðurnar sýna þá á þægilegan hátt "landslag" í mátskekkju, og takist vel til, kemur fram dalur þar sem mátskekkjan er minnst (mynd 5). Í þessum "dal" eru þau gildi á þykkt og viðnámi ferskvatnslinsunnar sem best má telja.

Fyrstu niðurstöður þessarar tölvutúlkunar lágu fyrir haustið 1977, og voru eftir atvikum sæmilegar. Þar sem land er hátt yfir sjó og/eða yfirborð þannig að miklum truflunum veldur, er þetta helsta leiðin til að ná einhverjum upplýsingum úr mælingunum um þykkt ferskvatnslinsunnar. Hins vegar reyndist stöðlun mæliferlanna meiri vandkvæðum bundin en búist hafði verið við. Túlkun tölvugagnanna var því ekki eins ótvíræð og fyrst leit út fyrir.

Með bættri mælitækni 1977 varð unnt að treysta meira á hefðbundnar túlkunaraðferðir þar sem land var lágt og yfirborð sæmilegt til mælinga. Þær túlkanir, sem hér eru birtar, styðjast því við báðar aðferðir, og er ýmist, hvorri er talið rétt að treysta, ef þeim ber ekki saman. Mælingunum 1978 var alla jafna valinn staður, þar sem land er lágt og yfirborð slétt og óbrotið. Þá voru einnig mældar nokkrar mælingar við borholur til þess að kanna samband þeirrar linsuþykktar, sem fæst í viðnámsmælingunum, við þykkt linsunnar eins og hún mælist í borholum.

2 AÐSTÆÐUR TIL MÆLINGA

Hér að framan er fjallað um þá erfiðleika sem eru á að beita viðnámsmælingum til þykktarmælinga á ferskvatnslinsunni og orsakast annars vegar af því, hversu ört viðnám á rannsóknarsvæðinu lækkar niður á við í jörðina, og hins vegar því, hversu þunn ferskvatnslinsan er miðað við þurru hraunin ofan jarðvatnsborðs á hverjum stað. Ef vel ætti að vera, þyrfti linsan helst að vera a.m.k. 2-3 sinnum þykkari en þurru hraunin, miðað við þau viðnám sem hér um ræðir.

Annar þáttur veldur auk þess miklum vandræðum, en það er hversu yfirborð hraunanna er ósamkennt (inhomogen) í viðnámi og hraunin sprungin og óregluleg að innri gerð. Hér verður því stuttlega lýst, hvernig mæliaðstæður eru á hverju svæði eftir jarðfræðilegri flokkun yfirborðslaga (mynd 2). Þegar niðurstöður túlkunar mælinganna eru skoðaðar og öryggi túlkunar metið, þarf að hafa í huga jarðfræðilegar aðstæður á hverjum stað og það, hversu hátt yfir sjó mælingar eru miðað við túlkun aða þykkt ferskvatnslinsunnar.

2.1 Sprunguhraun

Á sprunguhraunum er yfirborð úfið, jarðvegur lítill og einstakir hrauntaumar liggja hver um annan þveran. Óreglur í yfirborðsviðnámi eru því með mesta móti. Hið háa viðnám yfirborðs sprunguhraunanna og lítill gróðurþekja valda því, að ekki er unnt að senda út nema lítinn straum, þrátt fyrir háa útgangsspennu, og spennumerkið sem mæla skal verður mjög lítið.

Suður af Þórðarfelli og umhverfis Þorbjörn og Sýlingarfell eru margar mælingar gerðar af Jarðhitadeild til könnunar á jarðhita í Eldvörpum og Svartsengi. Sem fyrr segir veita þær takmarkaðar upplýsingar um ferskvatnslinsuna. Austur af Þórðarfelli er land lægra og yfirborð sléttara. Það torveldar þó túlkun, hversu hátt yfirborðsviðnám er. Enn austar er svo Arnarseturshraun. Það er allra hrauna úfnast og land fer hækkandi. Túlkun mælinganna er að sama skapi óöruggari. Við Fagradalsfjall er vatnslagið orðið svo þykkt, að túlkun mælinganna er nokkuð örugg.

2.2 Dyngjuhraun

Dyngjuhraun eru fremur slétt með sæmilega grónum lægðum en berum hólum á milli. Aðstæður eru þó ekki betri en á sprunguhraunum, nema hvað tekur til færðar. Miklar óreglur eru víða í mæliferlum og stafar það trúlega m.a. af skútum í hrauninu, uppbroti hraunfleka og höggun hraunsins, en höggunar gætir mikið á dyngjuhraununum, þar eð þau eru eldri en sprunguhraunin. Yfirleitt var reynt að gera mælingar á heillegum geirum milli sprungna og misgengja, en flestir reyndust þeir samt meira og minna undnir og brotnir. Margar mælingar rísa of bratt í byrjun, og er fyrri hluti þeirra (sem svarar til jarðlaga ofan jarðvatnsborðs) þá ótúlkanlegur. Þetta einkennir mjög mælingar í Vogaheiði og mælingar norðan og vestan Stapafells. Í Lágum og við Snorrastaðatjarnir er land mjög lágt og áhrif ferksvantslinsunnar á mælingarnar því greinileg. Túlkuð þykkt linsunnar er einna öruggust þar enda þótt fyrri hluti mælinganna sé ótúlkanlegur eins og annars staðar á dyngjuhraununum.

2.3 Grágrýti

Mælingar eru strjálur á grágrýtinu en aðstæður þar ágætar. Ferskvatnslinsan kemur mjög greinilega fram í mælingum á Rauðamel og á grágrýtinu sunnanverðu.

2.4 Vatnsheiði

Í Vatnsheiði er mælt bæði á dyngjum og sprunguhraunum. Þessar mælingar líta flestar ágætlega út, en ferskvatnslinsa sést engin í þeim. Líklega stafar þetta af sérstökum jarðfræðilegum aðstæðum og nálægð við jarðhitasvæðið í Svartsengi (sbr. "Hitaveita Suðurnesja, ferskvatnssóknir", OS-JKD 7609. "Hitaveita Suðurnesja, Ferskvatnssóknir. Hita- og seltumælingar 1975-1977", OS-JKD 7716).

3 NIÐURSTÖÐUR TÚLKUNAR VIÐNÁMSMÆLINGANNA

Allar nothæfar viðnámsmælingar Jarðkönnunardeildar frá rannsóknarsvæðinu eru birtar í viðauka B, aftast í þessari skýrslu, að vísu lítið eitt ritskoðaðar sumar hverjar. Í viðauka A eru þessar upplýsingar um mælingarnar: Staðsetning eftir hnitakerfi verkfræðiskrifstofunnar Hnit h/f., stefna mælingar, hæð mælingar yfir sjó lesin af korti (með 5 m nákvæmni) og loks túlkun mælingar bæði hvað varðar viðnám og þykktir viðnámslaganna. Mynd 2 sýnir staðsetningu mælinga og gerð yfirborðsлага. Myndir 3 og 4 sýna túlkaða þykkt og viðnám þess viðnámslags, sem hér er látið vera jafngilt ferskvatnslinsunni, og jafngildislínur þykktar.

Túlkunin, sem hér er rakin, er algjörlega óstudd, þ.e. ekki er reynt að samræma hana öðrum gögnum. Mælióvissa leyfir hinsvegar, að túlkun sé hnikað til innan ramma jafngildisreglunnar til samræmis við önnur gögn (sjá kafla 3.1). Það er eðli flestra jarðeðlisfræðilegra mælinga, að niðurstöður þeirra eru óvissar einar sér, en styrkjast mjög í samspili við aðrar mælingar og önnur gögn, og í þannig samspili er gildi þeirra fólgið. Túlkun þessara mælinga verður því jafnan hnikað nokkuð til, þegar dregin er heildarmynd af niðurstöðum ferskvatnsrannsóknarinnar, en hér eru mælingarnar einar til athugunar.

3.1 Óvissa í túlkun

Hér að framan hefur verið nefnd jafngildisreglan um meðferð óvissu í túlkun viðnámsmælinga. Fyrir þessar mælingar má orða jafngildisregluna svona: Túlkuðu viðnámi og þykkt ferskvatnslinsunnar má breyta, sé þess gætt að margfeldi þykktar og viðnáms breytist ekki ($h_2 \cdot \rho_2 = \text{fasti}$). Hversu miklar þessar breytingar mega vera, ræðst af stærð mælióvissu og þykktar- og viðnáms hlutföllum 1. og 2. lags (þurrs hrauns og ferskvatnslinsu).

Hér er dæmi um þetta. Látum viðnáms hlutfall í ímyndaðri mælingu vera $\mu = \rho_2/\rho_1 = 0,12$. Þetta er sem næst meðaltalsgildi á rannsóknarsvæðinu.

Látum þykktarhlutfall sömu mælingar vera $v = h_2/h_1 = 1$, enda er einna algengast, að ferskvatnslinsan sé á móta þykk og þurr hraun ofan jarðvatnsborðs. Væri nú mælióvissan í þessari ímynduðu mælingu 5%, þá gildir jafngildisreglan á ferhyrnu svæði í μ, v - planinu og þessi ferhyrningur hefur hornalínu milli hnitanna (0,16, 0,75) og (0,08, 1,3) (sjá nánar "Pylayev-nomograms" í bókinni Direct Current Electrical Sounding, Bhattacharyya og Patra, 1968). Væri nú $h_1 =$ þykkt þurra hrauna ≈ 40 m og $\rho_1 = 10000$ ohmm, þá mætti $h_2 =$ þykkt linsunnar liggja á milli 30 og 52 m og ρ_2 vera 800-1600 ohmm í samræmi við jafngildisregluna.

Í mælingum á sprunguhraunum er meðaltalsgildi viðnámshlutfallsins $\mu = 28-52$ m og $\rho_2 = 600-1300$ ohmm. Í Lágum, við Rauðamel og við Snorrastaðatjarnir er þykktarhlutfallið miklu hærra, allt að $v = h_2/h_1 = 5$. Það leiðir til þess að jafngildissvæðið í μ, v - planinu minnkar að mun sem þýðir að öryggi túlkunarinnar vex. Væri óvissan í mælingum hinsvegar meiri en 5% þýddi það að jafngildissvæðið yrði stærra en í dæmunum hér að ofan.

Samkvæmt jafngildisreglunni ætti að vera sama óvissa á ákvörðun þykktar og viðnáms ferskvatnslinsunnar, en svo er ekki (sbr. t.d. "Error propagation and uncertainty in the interpretation of resistivity sounding data", Koefoed, 1976). Þessi óvissa er bæði metin út frá útskrift tölunnar og með öðrum aðferðum. Halli jafngildissvæðanna í tölvuútskriftinni sýnir, að óvissa á viðnámi getur verið allt að tvisvar sinnum meiri en óvissan á ákvörðun þykktarinnar. Aðrar athuganir gefa þetta hlutfall hærra, þ.e. óvissa í viðnámi allt að 3-3 1/2 sinnum meiri en óvissa í þykkt.

Þegar best lætur, er óvissa á túlkaðri þykkt um 7%. Samkvæmt þessu gæti óvissa á viðnámi þá verið 10-20%. Þessar mælingar eru undirstrikaðar á myndum 3 og 4. Algengast er að óvissan í ákvörðun á þykkt ferskvatnslinnunnar sé um 15-20%. Svo virðist sem óvissan í viðnáminu sé þá allt að 40%. Loks eru nokkrar mælingar, þar sem ekki er unnt að afmarka jafngildissvæðið. Sú túlkun sem hér er gefin upp, tekur mið af nálægum mælingum og/eða meðaltali ýmissa túlkana sem reyndar hafa verið. Þessar mælingar eru í svigum á myndum 2 og 3.

3.2 Túlkuð þykkt vatnslaga

Að jafnaði er sámlægt samræmi milli mælinga í túlkaðri þykkt ferskvatnslinsunnar. Aðalatriðin í þeim niðurstöðum, sem sýndar eru á mynd 3, eru svipuð og komið hafa fram áður (Integrated Hydrological Survey of a Freshwater Lens, OS-JKD 7806). Jarðvatnshæðir eru á Vogastapa, norðaustur af Stapafelli og kannski á Njarðvíkurheiði. Lægðir eða dalir eru suður af Vogum og austur af Seltjörnum, og sömuleiðis milli Þorbjarnar og Þórðarfells. Á þessu síðarnefnda svæði sunnanverðu vantar alla fínna drætti í myndina, þar sem ekki hefur tekist að túlka allar mælingar þaðan. Á þessu svæði norðanverðu, þ.e. á vatnsvinnslusvæðinu og suður og suðvestur af því, er samræmi milli mælinga hinsvegar ekki gott og jafngildislínum á mynd 3 eru því að sama skapi óvissar.

3.3 Jarðvatnshæð og þykkt vatnslags

Samanburður á túlkaðri þykkt vatnslags og jarðvatnshæð yfir sjávarmáli í borholum í Lágum sýnir, að hlutfallið þar á milli er um 40. (Þykkt vatnslags/jarðvatnshæð = $54/1,35 = 40$). Blöndunarlag ferskvatns og jarðsjávar virðist vera um 15 m þykkt í borholu HSK-6 í Lágum. Sennilega liggja viðnámskilin ofarlega í blöndunarlaginu, en þyngdarpunktur milli ferskvatns og jarðsjávar liggur væntanlega nær miðju blöndunarlagsins. Jarðvatnshæð er því í flotjafnvægi við linsu, sem er ívið þykkari en viðnámsmælingarnar gefa til kynna. Nothæft ferskvatn er hinsvegar heldur minna en viðnámsmælingarnar gefa til kynna, þar sem blöndunarlagið telst allt ónothæft.

Að framansögðu er ljóst, að yfirleitt má vænta þess, að jarðvatnshæð svari til ferskvatnslinsu, sem er 5-10 m þykkari en viðnámsmælingar gefa til kynna. Ekki er enn vitað, hvort þykkt blöndunarlags og hlutfall þykktar ferskvatnslags samkvæmt viðnámsmælingum og jarðvatnshæðar er eins háttáð alls staðar á rannsóknarsvæðinu. Nokkur ástæða er til að ætla að jarðhitasvæðin skeri sig úr vegna íblöndunar jarðhitavatns, sbr. kafla 1.3

3.4 Viðnám í vatnslagi

Viðnám í vatnslaginu er mjög breytilegt og þeir meginflokkar, sem fram koma á mynd 6 (300-600 ohmm og 700-1100 ohmm), verða ekki tengdir ákveðnum jarðmyndunum á óbyggjandi hátt. Auk mismunandi bergtegunda, sem vatnslagið stendur í, geta fjölmargar ástæður valdið þessari dreifingu, svo sem lagmót í vatnslaginu, hliðlægar óreglur, mismunandi hitastig, mismunandi efnainnihald vatnsins vegna blöndunar við jarðsjó og "mengunar" frá jarðhitasvæðunum o.fl. Ekki verður greint hér á milli með þessari rannsóknaraðferð einni sér.

Helst er um samfellt viðnámssvæði að ræða á grágrýtinu og suður af því. Suðurmörk þess verða ekki rakin með vissu, enda ekki við því að búast að mörkin séu glögg. Mælingar eru auk þess strjálar á þessu svæði. Vestan og norðan Stapafells er lágt viðnám hið næsta fellinu, en hækkar til sjávar. Á öðrum svæðum er viðnámið mjög breytilegt.

3.5 Viðnám í þurru bergi

Sá hluti mælinganna, sem á við lög ofan jarðvatns, er eins og áður getur mjög erfiður í túlkun og víða ótúlkalegur. Á mynd af dreifingu viðnámsgilda (mynd 6) er sleppt viðnámsgildum í seti (500-1000 ohmm) og bruna á yfirborði (2000-5000 ohmm). Mælingar á grágrýti eru flestar með viðnámsgildi neðan við 5000 ohmm og jarðfræðilegar líkur eru á því að grágrýti sé að finna í flestum mælingum sem sýna viðnám lægra en 6000 ohmm. Gildi við 15000 ohmm eru tengd sprunguhraunum, en aðrir hópar (10000 ohmm, 19000 ohmm) eru blandaðir (dyngjuhraun, sprunguhraun).

3.6 Viðnám í jarðsjó

Mynd af viðnámi í jarðsjó er gloppótt á norðanverðu svæðinu, þar sem mælingar eru víða full stuttar til að ákvarða það. Í Eldvörpum og Svartsengi er það betur kannað, enda er jarðsjórinn viðfang mælinga þar (Rafleiðnimælingar í Eldvörpum og Svartsengi, OS-JHD 7639). Við Snorrastaðatjarnir og vestan Stapafells er viðnám jarðsjávar lágt (4-7 ohmm) og líkur hafa verið leiddar að því, að þar gætu verið fælin jarðhitasvæði (Hitaveita Suðurnesja, Ferskvatnsrannsóknir. Hita- og seltu mælingar 1975-1977, OS-JKD 7716).

HEIMILDIR

Bhattacharyya, B.K. & Patra, H.P. 1968: "Direct Current Electrical Sounding". Elsevier Publishing Co., 135 s.

Freyr Þórarinsson & Freysteinn Sigurðsson 1976: "Vatnspörf og vatnsöflun á Suðurnesjum", OS-JKD 7604, 4 s.

Freyr Þórarinsson, Freysteinn Sigurðsson & Guttormur Sigbjarnarson 1976: "Hitaveita Suðurnesja, Ferskvatnsrannsóknir. Áfangaskýrsla fyrir árið 1976", OS-JKD 7609, 62 s.

Freysteinn Sigurðsson 1977: "Hitaveita Suðurnesja, Ferskvatnsrannsóknir. Hita- og seltumælingar 1975-1977", OS-JKD 7716, 42 s.

Freysteinn Sigurðsson, Freyr Þórarinsson, Snorri Páll Snorrason, Kristján Ágústsson & Guttormur Sigbjarnarson 1978: "Integrated Hydrological Survey of a Freshwater Lens", OS-JKD 7806, 14 s.

Koefoed, O. 1976: "Error Propagation and Uncertainty in the Interpretation of Resistivity Sounding Data". Geophysical Prospecting, vol. 24, s. 31-48.

Valgarður Stefánsson, Lúðvík S. Georgsson & Rúnar Sigfússon 1976: "Rafleiðnimælingar í Eldvörpum og Svartsengi", OS-JHD 7639, 15 s.

ABSTRACT IN ENGLISH

The National Energy Authority, Department of Economic Geology, has conducted a geoelectrical survey of over a hundred vertical resistivity soundings on the Reykjanes peninsula for the detection of the thickness of the fresh-water lens floating on saline sea water in the ground. The authors interpret these measurements together with several others carried out for geothermal prospecting purposes by various methods, a.o. a specially designed computer program for obtaining maximal information on the shape of the fresh-water lens. The results of this interpretation are that west of the Grindavík main road the maximum lens thickness is 55-60 m. East of the road it increases, reaching 100 m to the west of mount Fagradalsfjall. The most commonly obtained resistivity values range between 300 and 1500 ohm meters. At best, the inaccuracy of the interpretations is less than 10% as regards the fresh water lens thickness. The resistivity soundings are not expected to yield an independent picture of the groundwater conditions, rather they are used jointly with geological information for defining a mathematical model of the research area.

MYNDIR




HITAVEITA SUÐURNESJA
Yfirlitsmynd

KÁ/GS


Nv. Sve Viðnám

F-18173

Mynd I




REYKJANES



Mynd 2

ORKUSTOFNUN	
HITAVEITA SUBURNESJA	
Jarðfræði og staðsetning viðnámsmælinga	
KA/GS	IV.
1978.12.29.	F-18172






Mynd 3

ORKUSTOFNUN	
HITAVEITA SUÐURNESJA	
Þykkt ferskvatnslags	
1979 02.26.	KA/GS
	Nv.
	F-18171



Mynd 1

ORKUSTOFNUN	
HITAVEITA SUÐURNESJA	
Viðnám í ferskvatnslagi	
1979 02.26	K.A./65
	Nr.
	F-18170



Skýringar:

1000 Viðnám vatnslags í ohmmetrum, ðvissa í tulkun 10-20%

1000 Viðnám vatnslags í ohmmetrum, ðvissa í tulkun 20-40%

(1000) Viðnám vatnslags í ohmmetrum, ðvissa í tulkun mikil

— Örlúkuð mæling

R 32 KRUSI I 30.0 M 7500.0 OHMM 12 PUKKJAR

H2	RH02	52.	82.	131.	208.	331.	524.	332.	1318.	2089.	3312.
15.2	0.03683	0.03558	0.03393	0.03130	0.02741	0.02195	0.01488	0.00721	0.00229	0.00166	0.00166
19.0	0.03614	0.03465	0.03241	0.02908	0.02429	0.01788	0.01027	0.00360	0.00326	0.01939	0.01939
23.9	0.03516	0.03319	0.03027	0.02605	0.02024	0.01300	0.00565	0.00198	0.00970	0.04099	0.04099
30.0	0.03373	0.03108	0.02725	0.02194	0.01512	0.00766	0.00225	0.00478	0.02471	0.07501	0.07501
38.0	0.03171	0.02811	0.02313	0.01667	0.00933	0.00310	0.00242	0.01488	0.05099	0.12226	0.12226
47.9	0.02899	0.02422	0.01803	0.01095	0.00423	0.00165	0.00902	0.03479	0.08889	0.18055	0.18055
60.4	0.02574	0.01978	0.01274	0.00585	0.00184	0.00541	0.02328	0.06370	0.13522	0.24459	0.24459
76.0	0.02234	0.01548	0.00833	0.00300	0.00322	0.01437	0.04332	0.09754	0.18409	0.30763	0.30763
95.0	0.01928	0.01197	0.00544	0.00255	0.00764	0.02634	0.06520	0.13096	0.22941	0.36365	0.36365
120.5	0.01685	0.00950	0.00401	0.00374	0.01332	0.03840	0.08517	0.15974	0.26699	0.40898	0.40898

Mynd 5

3. 4. 1979

K.Á.

Svartsengi

F-18275

Jarðkönnunardeild

HITAVEITA SUÐURNESJA

DALUR Í MÁTSKEKKJU



HITAVEITA SUÐURNESJA
Dreifing viðnámsgilda



1979 02.27.

FP/Gyða

Nv. Sve. Viðnám

F-18174

Mynd 6



VIÐAUKI A

Staðsetning og túlkun viðnámsmælinga

Þessar upplýsingar um viðnámsmælingar er að finna í töflunum hér á eftir:

1. dálkur: Nr. Raðtala mælingar. Mælingarnar eru, auk raðtölu, auðkenndar með bókstafnum R, t.d. R-29.
2. dálkur: Dags. Dagsetning mælingar, ár-mánuður-mánaðardagur.
- 3-4. dálkur: Staður. Staðsetning mælingar samkvæmt hnitakerfi verkfræðiskrifstofunnar Hnit h/f, lesið af kortum í mælikvarða 1:25000. Nákvæmni staðsetningar er ± 50 m. 3. dálkur er N-S hnit, 4. dálkur A-V hnit.
5. dálkur: °R. Stefna mælingar, gráður réttvísandi. Ef mæling er einfaldlega lögð samsíða sprungustefnu, er hún merkt 45.
6. dálkur: mys. Hæð mælistaðar yfir sjávarmáli skv. fyrrnefndum kortum Hnit h/f. Lesið af kortunum uppá 5 metra.
- 7-9. dálkur: h/ ρ . Viðnámslög samkvæmt túlkun, þykkt/viðnám. Autt skástrik (/) merkir að viðnámslag sé til staðar milli þeirra sem á undan og eftir fara, en viðmál þess verða ekki ákvörðuð með nægri vissu.
10. dálkur: h_3 . Þykkt ferskvatnslinsu skv. túlkun.
11. dálkur: ρ_3 . Viðnám ferskvatnslinsu skv. túlkun.
12. dálkur: S. Viðnám í neðsta viðnámslagi, jarðsjó.
13. dálkur: Athugasemdir. Fáein orð um gæði mælingar og túlkanir.

Nr.	Dags.	Staður	°R	mys	h_0/ρ_0	h_1/ρ_1	h_2/ρ_2	h_3	ρ_3	S	Athugasemdir
3	760517	7202	3867	45	15	/	/	/	48	700	Vond
4	760518	7202	3863	45	20	/	/	20/5500	48	500	7 Slétt og felld, en vatnslag ógreinilegt.
5	760518	7202	3863	45	20	1.0/2400	/	16/20000	54	770	Mjög góð
6	760519	7206	3871	45	20	1.2/2300	/	15/7000	56	1200	8 "
7	760520	7204	3877	45	20	4.6/8000	/	10/4000	52	1380	9 "
